

Ed.

212. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Við 1. gr. 2. Orðin »nema sildartunnum og kjöttunnum og tilsniðnu efni í þær« falli niður.

Við 1. gr. 4. Í stað staflidanna a., b. og c. komi:

- a. Af salti 1 kr. 50 aurar af hverri smálest.
- b. Af kolum 3 kr. af hverri smálest.
- c. Af steinolíu 15 aurar af hverjum 50 kg.
- d. Af kornvörum 30 aurar af hverjum 50 kg.

Orðin í næstsiðustu málsgr. 1. gr.: »sildartunnur, kjöttunnur og tilsniðið efni í þær, þar á meðal gjarðæfni, ennfremur kornvörur« falli niður.

2. gr.

Lög nr. 50, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á þingi 1926 urðu menn svo bjartsýnir vegna hagstæðrar fjárhagsafkomu árána 1924 og 1925, að það þótti gerlegt að ljetta tollabyrðina í sumum greinum að miklum mun, og var það þá talið áhættulaust fyrir ríkissjóð að lækka vörutollian um c. $\frac{1}{2}$ milj. króna. Fjárhagsafkoma ársins 1926, sem þó naut góðs af árinu 1925, sýndi það þó um það er lauk, að farið hafði verið óvarlegar en

æskilegt hefði verið í því að draga úr tekjum ríkissjóðs, en afkoma síðasta árs hefir að fullu fært heim sanninn um það, að tollalækkun þá, sem gerð var árið 1926, fær ríkissjóður ekki staðist, þar sem ekki hefir tekist að draga úr útgjöldunum sem svarar umræddri tekjurýrnun.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1927 hafði stjórnin áætlað vörutollinn 1375 þús. kr. og þá, að því er ætla má, bygt þessa áætlun á vörutollslögunum frá 1921. Er þingið, með frumkvæði fjárhagsnefndar Nd., samþykki vörutollslækkun, sem áætluð var, að nema mundi c. $\frac{1}{2}$ milj. króna, og ljét samt fyrnefnda áætlun stjórnarinnar um vörutollstekjur 1927 standa óbreytta. Það hefir nú komið í ljós, að þetta var gálausleg aðferð, því að c. $\frac{1}{4}$ milj. kr. vantar á vörutollstekjur árið 1927 borið saman við áætlunina.

Í þessu frumvarpi er það því lagt til, að vörutollslögin verði að mestu leyti færð í það horf, er þau voru fyrir 1926, eða með öðrum orðum, að vörutollslögin verði því sem næst eins og þau voru 1921. Þykir þetta því síður varhugavert, þar sem alveg voru feldir niður 1926 tveir vörutollsstofnar, tunnutollur og korntollur, sem staðið höfðu í vörutollslögum frá 1912 og engan veginn voru taldir tilfinnanlegir tollstofnar, en gáfu þó verulegar tekjur. Kolatollurinn var og færður niður 1926 í 1 kr. af smálest, eins og hann hafði verið 1912, en eftir vörutollslögunum 1921 var hann 3 kr., og er ætlast til, að hann verði það framvegis. Salttollurinn var 1912 50 a. af tonni, en 1 kr. 50 a. 1921, og lækkaður í 1 kr. 1926. Þykir hæfilegt, að hann sje hið sama framvegis sem hann var settur 1921. Steinollutollurinn var 1912 10 a. af 50 kg., 1921 30 a. og 1926 settur 15 a., og er hann látinn óbreyttur. Er það sjerstaklega með tilliti til vjelbátaútvegsins nauðsynlegt, að tollur þessi sje sem lægstur, og svo er ekki komin raun á, hverjum kjörum menn eiga að sæta um ollúkaup eftir að landsverslun er lögð niður.

Miðað við meðaltal innflutnings tímabilið 1924—1926 verður eftir frumvarpinu tekjuauki af

kolatolli	c. kr. 230000
salttolli	- — 36000
en tunnutollur og korntollur má ætla að gefi hvor um sig um 80 þús. kr., eða samtals	- — 160000
	<u>Alls kr. 426000</u>

Þótt tollur þessi hefði verið látinn óbreyttur 1926, hefði hann ekki vegið á móti tekjuhallanum 1927.

Formsins vegna virðist rjett að nema úr gildi lög nr. 50 1926.